

Ed.

265. Frumvarp

til laga um að banna opinberum starfsmönnum að taka umboðslaun.

Flm. Jón Baldvinsson.

1. gr.

Forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja ríkisins mega hvorki sjálfum sér til handa né handa öðrum fyrirtækjum, sem þeir eru við riðnir, taka við neinum umboðslaunum eða þóknun í neinni mynd frá viðskiptamönnum fyrirtækis þess, er þeir hafa forstöðu fyrir eða starfa við. Tekur þetta til forstöðumanns og starfsmanna vegamála, símamála, póstmála, ríkisverzlana og hverskonar starfsemi, sem rekin er fyrir reikning ríkisins, einnig til banka og sparisjóða. Sama gildir og um forstöðumenn og starfsmenn fyrirtækja bæjar- og sveitarfélaga, svo og borgarstjóra í Reykjavík, bæjarstjóra í öðrum kaupstöðum og oddvita hreppsnefnda og sýslunefnda.

Ákvæði þessara laga taka einnig til forstöðumanna og starfsmanna sildareinkasölu Íslands og forstöðumanna og starfsmanna samvinnufélaga.

2. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara varða sektum eða einföldu fangelsi, og auk þess missi embættis eða sýslunar, ef miklar sakir eru og verkið er ekki svo vaxið, að þyngri hegning liggja við eftir öðrum lögum.

3. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu rekin sem opinber sakamál.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Tillaga er komin fram á þingi um að banna forstöðumanni og starfsmönnum við væntanlegt verzlunarfyrirtæki ríkisins að taka þóknun eða umboðslaun í neinni mynd af viðskiptamönnum. En slíkt á vitanlega að gilda um öll ríkisfyrirtæki og um alla opinbera starfsmenn, og lýtur frv. þetta að því.

Verður gerð nánari grein fyrir þessu í framsögu.